Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1230
komudagur 11.3.2009

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 11. mars 2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um breyting á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda (Þskj. 618 – 366. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið framangreint mál til umsagnar. SFF telja margt af því sem lagt er til í frumvarpinu geta verið til bóta en leggja jafnframt áherslu á að íslenskur fjármálamarkaður gengur í gegnum erfiða tíma um þessar mundir og þá er brýnna en nokkru sinni að horfa til þess að breytingar á regluverki eða umgjörð séu ekki líklegar til að hamla á neinn hátt eðlegri virkni fjármálamarkaðarins hér á landi þegar fjármálamarkaðir heimsins komast í eðlilegra horf. Því leggja SFF til að áður en ákveðið verði að lögfesta nýjar CFC reglur, skattlagningu vaxta hjá aðilum með takmarkaða skattskyldu og aukna upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja til skattyfirvalda verði kostir og gallar slíkra ákvæða metnir heildstætt.

SFF styðja það heilshugar að skattalöggjöfin verði endurbætt. Til að vel takist til er nauðsynlegt að fylgjast vel með straumum og stefnum í nágrannaríkjunum og velja það sem best gerist í þeim ríkjum. Sameiginlegt markmið stjórnvalda, almennings og fjármálageirans er að endurvekja traust á Íslandi. Ljóst er að frumvarpið hefur verið unnið í flýti og það varðar mikilsverð og flókin fagleg málefni. Þann lærdóm má draga af fjármálakreppunni að reglur um flókin málefni sem tengjast alþjóðlegum viðskiptum hafa ekki verið nægilega vel unnar og hafa því ekki haldið þegar á reyndi. Því er lagt til að frumvarpið sem hér er lagt fram verði unnið betur í samvinnu við sérfræðinga atvinnulífsins og fagaðila. Nýja Ísland þarf að vanda sig. Það er ljóst að þeir erlendu skattaðilar sem hafa reynt að telja fram á Íslandi hafa lent í erfiðleikum með það vegna þess að skattyfirvöld ráða ekki yfir kerfum og ferlum til að ráða við það.

Meginmarkmið CFC reglnanna samkvæmt greinargerð er að ná utan um skattlagningu erlendra málamyndafélaga í eigu og undir stjórn Íslendinga. Bent er á að nú þegar er lagaheimild (lög 77/2005) sem veitir skattyfirvöldum heimild til að skattleggja erlenda

lögaðila sem eru með raunverulega framkvæmdastjórn hér á landi. Vandamálið virðist því fyrst og fremst liggja í skattframvkæmd en ekki skorti á lagaheimildum. SFF hvetja til að skipaður verði starfshópur um skattlagningu vaxta og CFC reglur (erlend félög). Starfshópurinn getur unnið hratt og vel og gert tillögur til úrbóta á þeim málum sem frumvarpinu er ætlað að leysa samkvæmt greinargerð. Frestun málsins ætti ekki að koma að sök vegna þess að gildistaka þessara ákvæða frumvarpsins miðar almennt við tekjur ársins 2010.

Athugasemdir við einstakar greinar

Í athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins er bæði að finna athugasemdir við breytingartillögurnar og einnig athugasemdir við umfjöllun í greinargerð varðandi hverja tillögu. Eins og að framan greinir telja samtökin að vanda þurfi betur til frumvarpsins og er ekki um tæmandi talningu athugasemda að ræða.

1. gr. – skattlagning vaxta hjá aðilum með takmarkaða skattskyldu

Ath. Hér er líka fjallað um 8. – 10. gr. frumvarpsins, þ.e. breytingu á lögum nr. 45/1987.

- Það er ekki óeðlilegt að vextir séu skattlagðir á sambærilegan máta og aðrar tekjur erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi.
- Það er rétt sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að skattlagning á vexti til aðila með takmarkaða skattskyldu er algeng í okkar heimshluta, sbr. yfirlit á fylgiskjali 1. Hins vegar er það langt því frá ófrávíkjanleg regla og má í því sambandi benda á okkar næstu nágranaríki. Í Noregi og Svíþjóð tíðkast ekki slíkur afdráttur og í Danmörku aðeins að takmörkuðu leyti.
  - Í almennum athugasemdum frumvarpsins er því haldið fram að þessi breyting muni ekki hafa áhrif á vaxtastig innlendra aðila. Þessi fullyrðing er ekki rétt, sbr. neðangreint. Fjármögnun með útgáfu skuldabréfa á alþjóðlegum fjármálamarkaði er mjög algeng. Þar eru stöðluð ákvæði um svokallað "gross-up" sem þýðir að ef eigandi skuldabréfsins þarf að sæta afdráttarskatti skuldbindur útgefandinn sig til að greiða hærri vexti svo kröfueigandinn verði jafnsettur og ef engum skatti hefði verið haldið eftir. Fyrir liggur að íslensku bankarnir fjármögnuðu sig í talsverðum mæli með útgáfu skuldabréfa í löndum sem Ísland hefur ekki lokið gerð tvísköttunarsamnings við. Breytingin myndi því hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir íslenskan fjármálamarkað.
  - Samskonar "gross-up" ákvæði eru almenn regla í lánasamningum og því verulegar líkur á að innlend fyrirtæki, stofnanir og sveitafélög sem hyggjast fjármagna sig með lántöku á alþjóðlegum lánamarkaði gætu lent í auknum kostnaði ef lánafyrirgreiðslan er í landi sem Ísland hefur ekki gildan tvísköttunarsamning við eða ef viðkomandi samningur kveður á um rétt upprunaríkis til skattlagningar.
- Ástæða er til að gera athugasemd við það fyrirkomulag sem boðað er í athugasemd við 1. gr. þ.e. að þeir sem telja sig undanþegna á grundvelli tvísköttunarsamninga þurfi að fá staðfestingu skattyfirvalda, hvoru tveggja í heimalandi sínu sem og á Íslandi. Hér er um allt of flókið ferli að ræða. Skilvirkara væri að skilaskyldi aðilinn hefði heimild til að lækka eða sleppa afdrætti ef hann hefði í höndunum staðfestingu frá rétthafa vaxtanna um

að hann hafi heimilisfesti í tilteknu tvísköttunarríki og staðgreiðsluframkvæmd tæki mið af því. Notast yrði við form sem skattyfirvöld tækju ákvörðun um. Fyrirkomulag af þessu tagi þekkist víða um heim (t.d. í Bandaríkjunum) og hefur almennt gefið góða raun.

- Það er flókið að láta staðgreiðsluframkvæmdina byggja á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Einfaldara væri að láta hana falla undir lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Með því yrði öll framkvæmd staðgreiðsluskila á vaxtatekjur samræmd, þ.e. skilaskyldir aðilar skiluðu allir í janúar að tekjuári liðnu í stað þess að ákveðinn hópur myndi skila staðgreiðslu af vaxtatekjum mánaðarlega en annar hópur einu sinni á ári. Þetta fyrirkomulag yrði mun einfaldara og ódýrara í framkvæmd, hvoru tveggja fyrir skilaskylda aðila og skattyfirvöld.
- Rökin fyrir því að staðgreiðsluframkvæmd byggi á lögum nr. 94/1996 eru þau að þá verður skattprósentan í öllum tilvikum 10%. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því heldur að hún sé 10% hjá einstaklingum en 15% eða 23,5% hjá lögaðilum. Í frumvarpinu kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að þessi skattlagning skili umtalsverðum tekjum.Því mikilvægt að kerfið verði ekki of flókið og kostnaður of mikill vegna þessa. Með því að vinna með eina skattprósentu væri hægt að gera þetta á eins einfaldan hátt og kostur er en markmiðum greinarinnar yrði engu að síður náð..
- Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að samkvæmt 7. gr. laga nr. 61/2008 var gerð sú breyting á 1. mgr. 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að skatthlutfall aðila með takmarkaða skattskyldu af tekjum samkvæmt 7. tölul. 3. gr. laganna (arður og söluhagnaður) var gert 10%. Æskilegt er að vextir verði skattlagðir með sömu skattprósentu og arður og söluhagnaður.
- Í þessu sambandi þykir einnig rétt að benda á að heppilegra væri að skatthlutfallið væri 10% af brúttó vaxtatekjum fremur en að miða við tekjuskattsstofn. Viðmiðun við tekjuskattsstofn þýðir að huga verður að mögulegum frádráttarliðum, sbr. 2. mgr. 30. gr. og 31. gr. tekjuskattslaganna[1] Niðurstaða SFF af framansögðu er sú að réttast væri að skattleggja eingöngu vexti sem greiddir eru til lágskattaríkja. SFF telja að með því sé markmiði laganna að koma í veg fyrir skattasniðgöngu fullkomlega náð. Heppilegast væri að fjármálaráðuneytið fái heimild til að ákveða með reglugerð hvaða ríki teljast til lágskattaríkja sbr. skilgreiningu í 3. gr. frumvarpsins.

2. gr. – Niðurfelling skulda – skattfrelsi

- Jákvætt er að taka af allan vafa varðandi það að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna.
- SFF gera athugasemd við það orðalag í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins að 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, beri að skýra í samræmi við orðanna hljóðan. Þetta er ekki í samræmi við skattframkvæmd undanfarinna áratuga þar sem niðurfelling afskriftanefnda fjármálafyrirtækja hafa ekki verið taldar til skattskyldra tekna.
- Telja má fullvíst að framangreind skattframkvæmd byggi á því að þrátt fyrir þá breytingu sem gerð var á orðalagi núgildandi 3. tölul. 28. gr. (þágildandi c-lið 10. gr. laga nr. 68/1971)með lögum nr. 40/1978 þá hafi ekki staðið til að gera neina efnisbreytingu frá því sem gilti fram að því sbr. orðalag í 6. tölul. 20. gr. reglugerðar 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt og 3. tölul. C-liðar 10. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og

[1] Sjá í þessu sambandi niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur 15. janúar 2009 í máli nr. E-936/2007. Það mál snerist reyndar um staðgreiðsluskyldu þóknunartekna en hjá erlendum lögaðila með takmarkaða skattskyldu. Skattlagningu bar að haga skv. 1. mgr. 71. gr., sbr. 2. tölul. 61. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Niðurstaða dómsins var að taka hefði átt tillit til mögulegra frádráttarliða við ákvörðun á skilaskyldri staðgreiðslu.

eignarskatt. Samkvæmt eldra orðalagi þá taldist ekki til tekna niðurfelld skuld sem sannast á "annan fullnægjandi hátt" en við gjaldþrot eða nauðasamninga að eignir voru ekki til fyrir.

- Þegar afskriftanefnd fjármálafyrirtækis fellir niður skuld viðskiptavinar þá gerist það ekki fyrr en farið hefur fram ítarlegt mat á raunverulegri getu viðkomandi aðila til að greiða af skuld sinni. Þannig er ekki um niðurfellingu að ræða þegar raunveruleg greiðslugeta er til staðar. Staðan er því mjög hliðstæð því sem gerist í nauðasamningum.
- SFF telja heppilegast að orðalagi 3. tölul. 28. gr. verði breytt til samræmis við það sem var fyrir gildistöku laga nr. 40/1978, auk þess sem gerð yrði viðbót varðandi nauðsamninga um greiðsluaðlögun. Þá kemur sérstaklega til álita að bæta við greinina ákvæði um það sem tíðkast hefur í skattframkvæmd undanfarinna áratuga, þ.e. að eftirgjöf afskriftanefnda fjármálafyrirtækja á hreinum skuldum viðskiptavina skuli ekki teljast til tekna.
- SFF telja einnig mikilvægt að breyta síðari hlutanum í 3. mgr. 28. gr. um að ákvæðið eigi ekki við þegar skuldin hefur myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila. Hins vegar er eðlilegt að tekjufærslan verði ekki felld niður að því marki sem til staðar er yfirfæranlegt tap.
- SFF leggja því til að 3. mgr. 28. gr. hljóði svo: " *Eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda sem sannast hefur um við gjaldþrot, nauðasamninga, nauðasamninga um greiðsluaðlögun, eða á annan fullnægjandi hátt, þ.m.t. eftirgjöf afskriftanefnda fjármálafyrirtækja á hreinum skuldum viðskiptavina, að eignir voru ekki til fyrir. Þó gildir þetta ekki að því marki sem skuldirnar hafa myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila og til staðar eru yfirfæranleg rekstrartöp*"

3. gr. – Skattlagning vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæði

Almennt

- Eins og framkemur í frumvarpinu er CFC löggjöf í flestum nágranaríkjum okkar.
- Fjármálaráðuneytið hefur frá árinu 2003 haft til skoðunar hvort ástæða sé til að innleiða CFC löggjöf hér á landi, sjá vefrit ráðuneytisins 27. mars 2003 og 3. ágúst 2006.
- Í vefriti fjármálaráðuneytisins 3. ágúst 2006 er bent á ýmsa erfiðleika tengda CFC löggjöf og mikilvægi meðalhófs í setningu slíkra reglna þannig að þær nái til raunverulegra sýndargerninga i skattalegum tilgangi en bitni ekki á erlendum fyrirtækjum í eigu íslenskra félaga sem rekin eru á eðlilegum viðskiptalegum grunni. Þá er bent á að í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru ákvæði sem ætlað er að sporna gegn skattalegum sýndargerningum, s.s. 9. tölul. 31. gr. og 57. gr.
- Mjög mikilvægt er einnig að hafa í huga þá breytingu sem gerð var á 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með gildistöku laga nr. 77/2005, í þeim tilgangi að gera erlenda aðila skattskylda hér á landi ef skattaleg heimilisfesti þeirra er raunverulega hér á landi s.s. vegna þess að raunveruleg framkvæmdastjórn þeirra er hér á landi. Það er umhugsunarefni hvort raunverulega sé þörf á að innleiða flókna CFC löggjöf hér á landi án þess að skattyfirvöld hafi fyrst látið reyna á þau úrræði sem þau hafa samkvæmt gildandi lögum.
- Mikilvægt er að hafa samráð við atvinnulífið áður en reglurnar eru verða innleiddar. Það hefur ekki verið gert.
- Sem dæmi um hve mikilvægt er að vanda til verka þá má benda á að í Bretlandi er í gangi endurskoðun á CFC löggjöf þar í landi. Áætlað er að vinna við það ferli taki u.þ.b. tvö ár og er lögð áhersla á gagnsæi í því ferli og samvinnu skattyfirvalda og atvinnulífsins. Sjá nánar á http://www.hm-treasury.gov.uk/controlled_foreign_companies.htm.

Nánar

- Ákvæðið er á ýmsan máta óljóst. Í því sambandi má nefna:
  - Hvað er átt við með hugtakinu "stofnun"?
  - Hvað fellur undir að aðili stjórni eignasafni sem hann hefur beinan eða óbeinan ávinning af?
  - Gert er ráð fyrir að aðila verði gert að greiða skatt í samræmi við bein eða óbeina eignar- eða stjórnunaraðild. Hvað gildir ef t.d. arðsréttur í hinu erlenda félagi er ekki í samræmi við eignaraðild (dæmi: "preferred shares"). Á viðkomandi eftir sem áður að greiða skatt í samræmi við eignaraðild sína, líkt og ráða má af orðalagi ákvæðisins?
- Í athugasemdum við 1. mgr. 3. gr. kemur fram að tekjurnar skuli skattleggja með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi, þ.e. atvinnurekstrartekjur skv. B-lið 7. gr. tekjuskattslaga. Sú spurning vaknar hvort raunverulega eigi að túlka ákvæðið á svo afdráttarlausan máta. Hvað um t.d. einstakling sem á hlut í eignasafni erlendis. Ef þetta væri sambærilegar innlendar tekjur yrðu þær væntanlega skattlagðar í 10% skattþrepi fjármagnstekna. Engin rök eru fyrir því að aðrar reglur eigi að gilda þó viðkomandi eigi þetta í gegnum erlent eignasafn. Sama virðist eiga við ef t.d. fjárfest er í erlendum sjóði.
- Það getur orðið mjög erfitt að átta sig á hvort skilyrðið um 50% íslensk yfirráð eru uppfyllt. Þannig er ekki víst að íslensku aðilarnir viti hver af öðrum, t.d. ef fjárfest er í erlendum sjóði.
- Að mati SFF er gengið mjög langt í frumvarpinu þar sem gert er ráð fyrir að reglurnar eigi við ef skilyrði um eignar- eða stjórnunarleg yfirráð hafi verið til staðar innan tekjuársins. Fullyrða má að hér sé gengið mun lengra en t.d. í norsku CFC reglunum sem eru fyrirmyndin að ákvæðinu eftir því sem fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu.
- Í athugasemdum við 5. mgr. greinarinnar kemur fram að hafi hluti hagnaðar hins erlenda aðila verið skattlagður hér á landi hjá millilið skuli taka tillit til þess. Erfitt er að sjá rök fyrir því af hverju þetta á að einskorðast við það að millilíðurinn hefur verið skattlagður hér á landi. Þannig verður að telja verulegar líkur á að þessi framkvæmd yrði talin brot á skuldbindingum Íslands samkvæmt EES samningnum ef millilíðurinn er í öðru EES landi og myndi sæta skattlagningu þar.
- Þar sem ákvæðið byggir á að innlendur skattaðili þurfi að sæta skattlagningu á óinnleystum hagnaði erlends skattaðila telja SFF nausynlegt að sett verði inn heimild til að jafna tap á ákveðnu tímabili. Þannig yrði heimiluð endurupptaka álagningar ef yfirfæranlegt tap myndast hjá hinum erlenda skattaðila næstu árum.
- Jafnframt er vakin athygli á að eignarhaldsfélög sem skattskylda fellur á hafa hugsanlega ekki greiðslugetu fyrr en við raunverulega innlausn hagnaðar (t.d. með arðgreiðslu). Margra ára greiðsla skatts án raunverulegrar innlausnar hagnaðar gæti því sett félagið í þrot.

4. gr. – skatthlutföll

- Ekki verður betur séð en að réttara sé að segja í a. lið að í stað orðanna "8. tölul.2 í 1. málsl. 1. mgr. 3. tölul. komi: "8. og 9. tölul." Ef tilvísun í 8. tölul. er sleppt verður ekki séð að til staðar sé ákvæði sem tekur til einstaklingsrekstrar. Það hefur vart verið ætlunin.

5. gr. – upplýsingagjöf til skattyfirvalda

- Þann 20. desember síðastliðnn var samþykkt á Alþingi breyting á 3. mgr. 92. gr. tekjuskattslaga um verulega útvíkkun á skyldu fjármálalfyrirtækja til að veita skattyfirvöldum upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti, afdregna staðgreiðslu og innstæður á bankareikningum í lok hvers árs. Við umfjöllum frumvarpsins á Alþingi lýstu SFF áhyggjum af því að upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja til skattyfirvalda yrði víkkuð út umfram það sem skattyfirvöld hefðu eðlilega eftirlitshagsmuni af. Féll löggjafinn frá því að mæla fyrir um að fjármálafyrirtæki afhentu upplýsingar um lántökur viðskiptavina og innstæður í sjóðum.
- Í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er aftur lögð til útvíkkun á upplýsingaskyldunni þannig að veittar verði upplýsingar um innstæður í sjóðum og lántökur allra viðskiptavina, án tillits til þess hvort lántaki er skattskyldur á Íslandi eða ekki. Vegna þess að bankastarfsemi byggir fyrst og fremst á trúnaðarsambandi viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis ítreka SFF það sjónarmið að mikilvægt er að skattyfirvöldum verði ekki veittar meiri upplýsingar sjálfvirkt en þau hafa þörf fyrir vegna eftirlitshagsmuna. Rétt er að geta þess að eftir gildistöku áðurnefndrar breytingar á 3. mgr. 92. gr. tekjuskattslaga óskaði Ríkisskattstjóri eftir því að fá upplýsingar um yfirdrátt á reikningum og taldi eðlilegt að neikvæð staða á reikningi yrði túlkuð sem bankainnstæða. Fjármálafyrirtæki höfnuðu því þar sem þau töldu sig ekki hafa heimild í lögum til að afhenda upplýsingar um yfirdrátt. SFF hafa í samskiptum við Ríkisskattstjóra lýst því yfir að samtökin styðji breytingu á 3. mgr. 92. gr. þannig að hún nái til innstæðu á reikningi og yfirdráttar. Samtökin leggjast hins vegar gegn frekari útvíkkun á uppslýsingaskyldu til skattyfirvalda samkvæmt framangreindu.
- Alvarleg athugasemd er gerð við eftirfarandi ummæli í greinargerð um þagnarskyldu fjármálafyrirtækja sem virðist sett fram af vanþekkingu: *„Þeim misskilningi hefur oft verið haldið á lofti að sérstök bankaleynd gildi um fjármálastofnanir. Í reynd er það svo um er að ræða trúnaðarákvæði um fjárhagsmál sem er lítt frábrugðið því sem almennt gildir um trúnað í viðskiptum milli aðila. Trúnaðarskylda skattyfirvalda um þær upplýsingar sem þau afla og fá um skattaðila er hins vegar mun ríkari."* Til leiðréttingar benda SFF á að um þagnarskyldu fjármálafyrirtækja gildir 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í athugasemd við ákvæðið segir: *„Í ákvæði þessu er að finna almennar reglur um bankaleynd. Til viðbótar ákvæðum þessara laga gilda almenn ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Meginreglan um þagnarskyldu starfsmanna fjármálafyrirtækis kemur fram í 1. mgr., og samsvarar hún efnislega ákvæði núgildandi 43. gr. laga nr. 113/1996. Með breyttu orðalagi er hins vegar hnykkt á því að upplýsingar sem leynt eiga að fara geta bæði verið viðskiptalegs og persónulegs eðlis. Enda þótt beiting ákvæðisins hljóti ávallt að vera háð mati líkt og núgildandi ákvæði yrði í vafatilvikum að telja að upplýsingar sem fjármálafyrirtæki byggi yfir um viðskiptamann sinn félli undir þagnarskyldu, nema atvik bentu til annars."* Af þessu má sjá að löggjafinn lítur á þær upplýsingar sem fjármálalfyrirtæki hafa undir höndum sem viðkvæmar persónuupplýsingar sem bæði geta varðað fjármál viðkomandi sem og önnur persónuleg málefni. Þagnarskylduákvæði laga um fjármálafyrirtæki, oft nefnt bankaleynd í daglegu tali, á sér langa sögu í forverum þeirra laga og er grundvallað á réttareglum sem almennt þekkjast í Evrópu og hinum Vestræna heimi. Stöku ríki í Evrópu, s.s. Lúxemborg og Sviss, hafa hins vegar gengið mun lengra í þeirri vernd sem í þagnarskyldunni felast. Brot gegn ákvæðum um bankaleynd varða stjórnvaldssektum allt að 50 milljónum

króna ef um er að ræða lögaðila og 20 milljónir króna ef um er að ræða einstakling sbr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

- Mikilvægt er að hafa í huga að þagnarskyldu um málefni viðskiptamanna er ekki ætlað að takmarka eðlilegar heimildir eftirlitsaðila til að sinna eftirlitsskyldu á þann hátt sem lög mæla fyrir um. Dómaframkvæmd hefur ítrekað staðfest að slík ákvæði takmarka ekki rétt eftirlitsstofnana, s.s. skattyfirvalda, til að leita eftir upplýsingum um einstaka aðila.
- Bent er á að bankar og sparisjóðir hafa á liðnum árum í samvinnu við skattyfirvöld þróað upplýsingakerfi sem gerir öllum framteljendum sem þess óska kost á að haka með einföldum hætti við reit á skattframtali þar sem óskað er að fjárhagsupplýsingar þeirra verði færðar sjálfvirkt inná eigið framtal. Meginþorri viðskiptavina banka og sparisjóða hafa síðustu ár nýtt sér þennan kost, enda um mikla einföldun að ræða varðandi útfyllingu framtals. Bankakerfið hefur þannig lagt sig fram, með miklum tilkostnaði við þróun kerfa, að þjónusta sem best viðskiptavini sína og skattyfirvöld.
- Í ljósi þess sem að framan segir er leggjast SFF gegn frekari útvíkkun á uppslýsingaskyldu til skattyfirvalda að öðru leiti en því að mælt er með því að orðalag 3. mgr. 92. gr. verði útvíkkað þannig að það nái jafnt til innstæðu á bankareikningi sem yfirdráttar.

6. gr. – skrá yfir viðskiptavini aðila sem stunda alþjóðlega skattaráðgjöf

- Í frumvarpinu er einnig lagt til að íslensk móðurfélög verði ábyrg fyrir að veita upplýsingar um viðskipti sem aðilar skattskyldir á Íslandi hafi átt við dótturfélög og útibú sem móðurfélagið á og rekur erlendis. SFF mótmæla því að svo víðtækt ákvæði verði leitt í lög. Fyrir liggur að slík upplýsingagjöf getur falið í sér brot á löggjöf þess ríkis þar sem dótturfélag er heimilisfast auk þess sem hún kann að stríða gegn reglum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.
- Í almennum athugasemdum frumvarpsins segir að ákvæði í þessa veru þekkist víða erlendis án þess þó að nokkur dæmi séu nefndí því sambandi. SFF telja að þar sem um svo viðurhlutamikið ákvæði er að ræða sé nauðsynlegt að kanna betur fordæmi og framkvæmdina erlendis.
- Í frumvarpinu er einnig lagt til það nýmæli að fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðrir sem veita alþjóðlega skattaráðgjöf og þjónustu verði skyldugir til að halda skrá yfir þá viðskiptavini sem þiggja slíka ráðgjöf og þjónustu. SFF leggja áherslu á að brýnt er að íslensk lög um þetta efni séu í samræmi við löggjöf nágrannalandanna og upplýsingaskylda verði ekki ríkari en tíðkast í nágrannalöndunum.
- Í fljótu bragði má benda á að neikvæð áhrif svona ákvæðis fyrir efnahagslífið gætu orðið útflæði peninga úr hagkerfinu. Þrátt fyrir hrun efnahagslífsins er enn til í landinu efnafólk sem gæti ákveðið að flytja fjármuni sína úr landi verði ákvæðið lögfest m.a. vegna ótta við að umræða um fjármál þeirra rati í fjölmiðla en eins og nýleg dæmi sanna virðast slíkar upplýsingar leka með einhverjum hætti í fjölmiðla. Þá má einnig gera ráð fyrir því að afleiðingar ákvæðisins hafi það í för með sér að starfsemi við alþjóðalega skattaráðgjöf fari úr landi.
- Í samræmi við framangreint er mælt með því að löggjafinn beiti sér fyrir því að stjórnvöld geri ítarlega úttekt á löggjöf nágrannalandanna og kostir og gallar hennar verði metnir áður en ákvæðið verður lögfest. Í þeirri vinnu væri einnig litið til þess að

Ísland er nú að hefja sín fyrstu skref í að byggja aftur upp bankakerfi sem mikilvægt er að nái með tíð og tíma að vinna til baka tapað traust jafnt innanlands sem utan.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir

Fylgiskjal 1

Ath. textinn er á ensku.
Heimild: http://www.deloitte.com/dtt/section_node/0%2C1042%2Csid%25253D11410%2C00.html

Norway
Norway does not levy withholding tax on interest.

Sweden
Sweden does not levy withholding tax on interest.

Denmark
Withholding tax is generally not imposed on interest paid to nonresident companies. However, a foreign company that controls a Danish company in certain cases will be taxable on interest received and capital gains on debt from a Danish company at a rate of 25% (reduced from 30% as from 1 April 2008). The rate may be reduced under an applicable tax treaty and there is no withholding tax if the payment is made to a qualifying associated company under the EC Interest and Royalties Directive.[1]

Finland
Under domestic law, interest paid to nonresidents is subject to withholding tax only in exceptional cases. Interest paid on bonds, debentures (and other such debts), bank account deposits, accounts originating from international trade, or debt that is not equivalent to equity is exempt from tax. If interest is deemed to be a hidden profit distribution, withholding tax is levied on the payments at a rate of 28%, unless a tax treaty provides for a lower rate or an exemption.

Germany
Generally no withholding tax is levied on interest, except for interest on deposits with German banks/financial institutions (30%) and certain hybrid instruments.

France
Although domestic law provides for a 18% withholding tax, it also provides for a broad exemption mechanism, the conditions of which are easy to satisfy. As a result, interest generally is not subject to withholding tax. When this domestic exemption is not available, an exemption may be available under an applicable tax treaty or under the EC Interest and Royalties Directive if the payment is made to an associated company.

Belgium
Interest paid to nonresidents is subject to a 15% withholding tax unless the rate is reduced under an applicable tax treaty or paid to qualifying associated EU or Swiss companies under the EC Interest and Royalties Directive. Interest paid by Belgian banks and other financial institutions and certain other forms of interest are not subject to withholding tax.

The Netherlands

The Netherlands does not levy withholding tax on interest.

---

[1] "Council Directive 2003/49/EC of 3 June 2003 on a common system of taxation applicable to interest and royalty payments made between associated companies of different Members States.

United Kingdom

A 20% withholding tax is generally imposed on interest payments to nonresidents, unless the rate is lowered under an applicable tax treaty. Interest payments to qualifying EU companies may be exempt if they satisfy the conditions for application of the EC Interest and Royalties Directive.